

aði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hafi verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Magnús Bjarnason og Eileifur Magnússon sæti, hinn fyr nefndi 4 × 5 daga og hinn síðar nefndi 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og borgi báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors. Enn fremur ber hinum ákærða Magnúsi Bjarnasyni að greiða 1 kr. 66 a. í iðgjöld til Mad. Waage.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maímán.

Nr. 35/1875:

Benidikt Jónsson

gegn

Friðriki Davíðssyni og börnum

Jónatans Davíðssonar.

D ó m u r.

Á skiptum á dánarbúi Ragnheiðar Friðriksdóttur frá Hvarfi í Viðidal kom upp ágreiningur milli erfingjanna, en þeir eru: 1, sonur hinnar framliðnu, Friðrik bóndi Davíðsson á Hvarfi; 2, dóttir hennar, Jóhanna Davíðsdóttir, gipt Benidikt bónda Jónssyni á Hólkoti í Fljótum, og 3, börn sonar hennar, Jónatans Davíðs-

sonar á Marðarnúpi, Þorgrímur, bóndi á Vöglum, Steingrímur hálfmyndugur og 7 ómyndug — um lögmati arfleiðsluskrár, þar sem hin framliðna hafði gefið Jólönnu dóttur sinni fjórða part allra eigna sinna í föstu og lausu eptir sinn dag. Um þennan ágreining felldi skiptaráðandinn 15. septbr. f. á. þann úrskurð, að arfleiðsluskráin ekki yrði tekin til greina, og hefur Benedikt Jónsson á Hólkoti áfrýjað þeim úrskurði fyrir hönd konu sinnar til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 19. nóvembermán. næst á eptir.

Í tjeðri stefnu er þeim, Friðriki bónda Davíðssyni á Hvarfi, Magnúsi bónda Steindórssyni á Gilsstöðum, sem fjárráðamanni ómyndugra barna og tilsjónarmanni hálfmyndugs sonar Jónatans Davíðssonar, hinum hálfmynduga Steingrími Jónatanssyni, Þorgrími bónda Jónatanssyni á Vöglum og skiptaráðandanum stefnt til að mæta fyrir yfirdóminum 18. aprílmán. þ. á., en enginn þeirra hefur mætt nje mæta látið eptir stefnunni. Birtingarvottorð þau, sem rituð eru á stefnuna, bera með sjer, að hún að vísu er löglega birt skiptaráðandanum og Magnúsi Steindórssyni, en aptur á móti er hún alls eigi birt Steingrími Jónatanssyni, og Friðriki Davíðssyni og Þorgrími Jónatanssyni er hún birt af einum stefnuvotti og öðrum manni, sem ekki verður sjeð að hafi neina opinbera heimild til að birta stefnur, eins og vottorðin um birtinguna fyrir þeim ekki eru gefin samkvæmt unnum stefnuvottaði. Þar eð birting stefnunnar í máli þessu þannig ekki hefur fram farið samkvæmt fyriræmum tilskipunar 3. júní 1796, 20. og 22. gr., fyrir öllum þeim, sem eptir L. 1—4—1 eiga hlut að máli, og hinir stefndu, eins og áður er sagt, ekki hafa mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum eptir stefnunni, ber að vísa henni frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:
Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 15. maímán.

Nr. 24/1875: Guðmundur Jónsson á
Smirlabjörgum
gegn
síra Bjarna Sveinssyni.

D ó m u r.

Í máli þessu ákærir Guðmundur Jónsson á Smirlabjörgum prestinn Bjarna Sveinsson á Stafafelli fyrir það, að hann hafi með byggingarbrjefi 16. apríl 1873 byggt þá verandi sambýlismanni Guðmundar, Halli Pálssyni, undan honum ábýli hans, hálfu Skálafell, er hann þá bjó á samkvæmt byggingarbrjefi, út gefnu af formanni síra Bjarna í brauðinu, og hafði búið á í 20 ár, án þess þó að honum hefði verið byggt út, svo að hann hafi orðið að hrökklast þaðan burt í júlímánuði, sjer til óbærilegs tjóns. Í máli þessu gekk dómur í Skaptárþingi 16. júní f. á., og var presturinn dæmdur sýkn af kröfum Guðmundar og málskostnaður látinn falla niður, en dómi þeim hefur tjeður Guðmundur skotið til yfirdómsins og krafist, að presturinn verði dæmdur til að lúka sjer fullar skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, er hann við undirdóminn áleit að vera ættu 600 krónur.

Að vísu hefur nú hinn stefndi borið það fyrir sig, að hann hafi í nóvembermán. 1872 sent hreppstjóranum þar í sveitinni brjef, hvar í hann hafi byggt áfrýjandanum út; en þvílíkt útbyggingarbrjef getur enga þýðingu haft í þessu máli, því það er með öllu ósannað, að það hafi verið birt áfrýjanda, eða að hann hafi fengið nokkra vitneskju um það, og líka stóð hrepp-